

99. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
12. 12. 2018 kl. 8:15 – 9:45

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Vilhjálmur Magnússon, Þorvarður Árnason, Helga Árnadóttir, Olga Ingólfssdóttir, Hrafnkell Guðnason og Katrín Jónsdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson

1. Starf verkefnastjóra fjölmenningar hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Hildur Ýr Ómarsdóttir kom inná fundinn og sagði frá starfi sínu sem fjölmenningarfulltrúi. Umræður sköpuðust um ýmis verkefni tengd fjölmenningu í sveitarfélaginu. Stjórn hefur áhuga á að skoða nánar hvernig megi efla samstarf setursins við verkefnastjóra fjölmenningar.

2. Sustain it

Sandra Björg Stefánsdóttir, verkefnastjóri hjá Nýheimum þekkingarsetri, kom inná fundinn og sagði frá Erasmus+ verkefninu „Sustain it“ sem setrið tekur þátt í. Verkefnið fjallar um sjálfbæra ferðaþjónustu og menntun til sjálfbærni.

3. Rekstraráætlun 2019

Hugrún Harpa lagði fyrir rekstraráætlun ársins 2019 og fór yfir helstu liði hennar. Stjórn samþykkir áætlunina.

4. TEDx viðburður í Nýheimum

Þorvarður sagði frá hugmyndum um að halda TEDx viðburð í Nýheimum. Stjórn tekur vel í að sótt verði um að halda slíkan viðburð í Nýheimum og leggur til að málið verði einnig kynnt fyrir bæjarráði.

5. Önnur mál

Hugrún Harpa sagði frá því að Mennta- og menningarmálaráðneytið hafi ákveðið að styrkja verkefnið „Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun“. Verkefnið hlaut styrk frá Bygðarannsóknasjóði fyrir á þessu ári.

Helga Árnadóttir sagði frá því að Þjóðgarðurinn hefur fengið fjármagn til að vinna áfram næstu þrjú árin að lifandi kennslustofu í samstarfi við Náttúrustofu Suðausturlands.

Kristín vakti máls á því að næsti fundur stjórnar er sá hundraðasti og væri að því tilefni gaman ef allir stjórnarmeðlimir gætu komið til fundar. Ákveðið var að halda þann fund 16. janúar.

Eyrún Helga vakti máls á erfiðleikum við að tengjast kerfinu á Nýtorgi þegar flutt eru erindi. Eyjólfur mun ræða við umsjónarmann kerfisins.

Fundi slitið klukkan 9:50

Eyrún H. Eyrar.

Hugrún Harpa Reynisdóttir